

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefnd í fundarherbergi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 10. janúar 2017 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður, Hilmar Hilmarsson, Steinunn Stefánsdóttir og Þröstur Helgason. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Bréf til mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna PISA-könnunar

Guðrún Kvaran mun senda bréf til mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna viðbragða Menntamálastofnunar sem sá um framkvæmd á PISA-könnun á Íslandi. Könnunin hefur sætt gagnrýni vegna þess hve mikið var um villur í prófinu. Íslensk málnefnd mun gera athugasemd við þau ummæli forstjóra Menntamálastofnunar að stafsetning og greinarmerkjasetning í spurningum könnunarinnar sé léttvægt atriði. Skrif stofnunarinnar á Facebook þurfa einnig að vera á vönduðu máli. Málnefndin áréttir að vandað verði til allra atriða sem snerta íslenskt mál, þ. á m. frágangsaatriði og greinarmerkjasetningu.

### 2. Hugmyndir starfshóps um áhersluverkefni málnefndar árið 2017

Ármann Jakobsson kynnti hugmyndir starfshóps um áhersluverkefni 2017 sem er bókmenntamálið og ungmennin. Starfshópin skipa Ármann Jakobsson, Þröstur Helgason og Ásta Kristín Benediksdóttir og hélt hann fund 10. janúar.

Starfshópurinn var sammála um að meginvið aðgerða væru tvö.

1) Ritun og ritþjálfun í skólakerfinu: Í ljósi þess að þessi mikilvægi þáttur málanáms hefur einangrast í skólakerfinu er rétt að biðja menntayfirvöld að athuga hvort ástæða sé til að gera hann að sérstakri námsgrein nemenda á aldrinum 13–19 ára. Aðgerðir yrðu þá í tvennu lagi: málræktarþing í nóvember og í kjölfarið erindi til ráðuneytisins.

2) Unglingar og menning á íslensku: Þar varð niðurstaðan að þessum þætti yrði best sinnt með áður ákveðnu unglingsbókafingi í maí en það yrði víkkað út þannig að ekki aðeins bókmenntir (prentaðar) yrðu til umræðu heldur einnig aðrir miðlar (útvarp, kvikmyndir, netið). Stefnt yrði síðan að öðru erindi til ráðuneytisins, um aukið fjármagn (e.t.v. verkefnasjóð) til styrktar unglingsmenningu á íslensku.

### 3. Undirbúningur málþings um unglingsbækur

Guðrún Kvaran kynnti hugmyndir um málþing sem á að snúast um efnið hvernig hægt er að efla unglingsbækur og sagði frá hugmyndum Brynhildar Þórarinsdóttur.

Ákveðið var að hafa þrjá skipuleggjendur að málþinginu: Íslenska málnefnd, Félag íslenskra bókaútgefenda og Barnabókasetur.

Erindi: Tillaga kom fram um 8–9 erindi á 4–5 tímum eða 6 erindi og panelumræður. Þeir sem munu halda erindin eru: Fulltrúi frá Félagi íslenskra bókaútgefenda, rithöfundur, unglingsur, ráðherra eða einhver fulltrúi frá stjórnvöldum þar sem málið snýst allt um fjárhagslegan stuðning ríkisins við menninguna.

Tillögur að rithöfundum til að tala á málþinginu: Arnar Már Arngrímsson kennari, Helga Birgisdóttir kennari, Gunnar Helgason (og sonur hans Óli Gunnar Gunnarsson og Arnór Björnsson frændi þeirra), Hildur Knútsdóttir og Bryndís Björgvinsdóttir.

Tillögur að lesendum til að halda erindi á málþinginu: Róbert Aron Garðarsson Proppé, nemandi í 7. bekk (sendi inn grein í Fréttablaðið undir fyrirsögninni „Blindur er bóklaus maður“). Sigurlaug Björnsdóttir menntaskólanemi (sendi inn grein í Fréttablaðið undir fyrirsögninni „Einmana bækur“ og er gagnrýni á bókaútgefendur fyrir að klára ekki að gefa út bókaseríur). Egill Andrason, nemandi í 10. bekk, sigurvegari í myndbandasamkeppni Barnabókaseturs.

Fyrirkomulag: A.m.k. hálfur dagur.

Dagsetning: Þriðjudagurinn 23. maí, til vara 30. maí.

Staður: Fjölbrotaskólinn í Garðabæ, til vara Flensborg eða Menntaskólinn við Hamrahlíð.

Veitingar á málþingi: Óskað verði eftir að Mjólkursamsalan sjái um veitingar.

#### **4. Annað**

##### *a) Styrkur frá mennta- og menningarmálaráðuneyti*

Guðrún Kvaran greindi frá því að Íslensk málnefnd hefði fengið styrk frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu að upphæð 3 milljónir króna. Starfsár Íslenskrar málnefndar er frá 1. september til ágústloka.

##### *b) Starfshópur til að móta málstefnu*

Reykjavíkurborg ætlar að setja sér málstefnu. Guðrún Kvaran og Hilmar Hilmarsson eru í starfshópnum sem mun hittast í fyrsta skipti 19. janúar. Rætt hefur verið um að starfshópurinn hittist mánaðarlega fram í maílok. Mörg atriði sem fjalla þarf um. Í málstefnunni á að taka tillit til þjónustustefnu, mannréttindastefnu og upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar.

##### *c) Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna Menntamálastofnunar*

Guðrún Kvaran ætlar að svara bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna Menntamálastofnunar.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 15.45.

Guðrún Kvaran  
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir  
sign.